

ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

Veiðifélag Fnjóskár

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006

um lax- og silungsveiði:

Ásgeir Magnússon héraðsdómari

Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi

Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður

Árið 2012, þriðjudaginn 4. september kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman á skrifstofu formanns nefndarinnar að Laugavegi 3, Reykjavík. Mætt voru Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon héraðsdómari og Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi.

Fyrir var tekið:

Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Veiðifélag Fnjóskár.

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 20. september 2010, fór stjórn Veiðifélags Fnjóskár fram á það við matsnefnd að fram færi endurskoðun á gildandi arðskrá veiðifélagsins. Kemur fram í bréfinu að frá því að eldri arðskrá tók gildi hafi veiðifélagið aukið seiðasleppingar í ána og sett upp sleppitjarnir með fram henni. Það hafi skilað sér í að lax veiðist mun ofar í ánni en áður og að betri dreifing sé á veiði. Í framhaldi þessa, og í samræmi við lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, tók matsnefndin þetta erindi til meðferðar.

2. Matsfundur

Matsfundur með veiðiréttareigendum og/eða fulltrúum þeirra var haldinn föstudaginn 30. september 2011 að Skógum í Fnjóskadal. Var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins en engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er, þ.e. nýtt mat á arðskrá fyrir Veiðifélag Fnjóskár.

Á fundinum kynnti formaður veiðifélagsins að matsnefnd yrði síðar send skýrsla um veiði í ánni, skipt á veiðistaði. Nokkuð var rætt um fyrirliggjandi bakkalengdarmælingu fyrir Fnjóská, Bakkaá og Fnjóská á Bleiksmýrardal, sem unnin var af Guðmundi Gunnarssyni hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og dagsett er 24. febrúar 2003. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu fundarmanna við að miðað yrði við bakkalengdarmælinguna við framkvæmd mats. Nokkur umræða var um hvaða þættir væru lagðir til grundvallar við arðskrármatið. Fram kom hjá fundarmönnum að mjög miklar seiðasleppingar hefðu verið í Fnjóská undanfarin ár, sem hefðu haft mikil áhrif á veiði í ánni.

Fundarmönnum var boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn og var jafnframt kynnt að þeim gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri. Þá upplýstu nefndarmenn hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila til matsnefndar vegna arðskrárgerðarinnar og hafði formaður félagsins afhent matsmönnum hluta þeirra fyrir fundinn. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni verður vikið að því hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið.

3. Vettvangsganga o.fl.

Matsmenn fóru í vettvangsferð um það svæði sem til mats er daginn eftir matsfund, undir leiðsögn fulltrúa veiðifélagsins, Bessa Skírnissonar. Í ferðinni kynntu matsmenn sér m.a. aðferðir veiðifélagsins við að sleppa seiðum í ána. Skoðaðar voru sleppitjarnir sem veiðifélagið hefur staðið að og kannaðir staðhættir að öðru leyti. Samkvæmt skýrslu Tuma Tómassonar, um laxrækt, laxveiði og seiðabúskap í Fnjóská sumarið 2011, eru nú við ána eftirgreindir sleppistaðir: Steinkirkja I, Steinkirkja II, Nes, Víðivellir, Vatnsleysa, Draflastaðir, Þverá/Garður, Merkjalækur, Skarð og Ártún.

Upptök Fnjóskár eru á Sprengisandi, í svokölluðum Bleiksmýrardrögum, nálægt upptökum Þjórsár. Lengd árinna allrar er talin vera um 117 km. Áin rennur frá upptökum sínum norður Bleiksmýrardal að dalamótum Fnjóskadals. Framarlega í Fnjóskadal rennur Bakkaá í Fnjóská. Bakkaá myndast við samruna Timburvalladalsár og Hjaltadalsár, en þær ár renna úr samnefndum dölum sem liggja samsíða Bleiksmýrardal. Þegar norðar dregur fellur Þingmannalækur í Fnjóská, síðar Kambsá og loks Árbugsá. Fnjóskadalur er um 40 km að lengd frá dalamótum áðurnefndra þriggja dala, með fram Vaðlaheiði, þar til hann opnast í svokölluðu Dalsmynni í Höfðahverfi og rennur Fnjóská þaðan í Eyjafjörð.

4. Um veiðifélagið

Nafn félagsins er Veiðifélag Fnjóskár. Félagið starfar samkvæmt samþykkt nr. 448/2010, sem staðfest var af Fiskistofu 7. maí 2010 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 25. s.m. Í 3. gr. samþykktarinnar kemur fram að félagsmenn séu eigendur/ábúendur jarða og landareigna sem land eiga að vatnakerfi Fnjóskár og hliðarána hennar.

Samkvæmt 4. gr. er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á svæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Í 11. gr. samþykktarinnar er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

5. Fasteignir sem veiðiréttur fylgir

Samkvæmt samþykkt veiðifélagsins eru félagsmenn skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna: Þverá, Garður, Ytri-Hóll, Syðri-Hóll, Böðvarsnes, Végeirsstaðir, Veisa, Hallgilsstaðir, Sólvangur, Fornhólar, Sigríðarstaðir, Birningsstaðir, Háls, Vagfir, Mörk, Lundur, Þórðarstaðir, Belgsá, Bakkasel, Bakki, Sörlastaðir, Hjaltadalur, Snæbjarnarstaðir, Tungu, Bleiksmýrardalur (austan ár), Bleiksmýrardalur (vestan ár), Reykir, Selland, Illugastaðir, Kotungsstaðir, Fjósatunga, Brúnagerði, Steinkirkja, Veturliðastaðir, Hróarsstaðir, Skógar, Nes, Tungunes, Hrísgærði, Víðifell, Víðivellir, Vatnsleysa, Dæli, Grímsgerði, Draflastaðir, Hjarðarholt, Melar, Skuggabjörg, Laufás, Nes, Grundarbærir (Grund og Syðri Grund), Ártún, Borgargerði, Miðgerði (50% S-Grund og 50% Ártún), Pálsgerði, Skarð (ásamt Litlagerði).

6. Rekstur veiðivatna

Í nóvembermánuði 2007 gerði veiðifélagið leigusamning um stangveiðiréttindi í Fnjóská fyrir tímabilið 2008 til 2011, frá ósum fram að ármótum Bakkaár og Fnjóskár. Jafnframt fylgdu afnot af veiðihúsinu Flúðaseli. Endurskoða skyldi leigusamninginn á tveggja ára fresti, fyrst haustið 2009. Leigugjald samkvæmt samningnum er ár hvert 9,5 milljónir króna, auk hækkunar samkvæmt vísitölu neysluverðs m.v. grunnvísitölu í nóvember 2007. Samhliða framangreindum leigusamningi gerðu aðilar samstarfssamning um uppbyggingu Fnjóskár og nýtingu veiðiréttinda í ánni. Samkvæmt þeim samningi vinna aðilar í sameiningu að ræktun og eflingu laxastofna árinna. Markmið ræktunarsamstarfsins er að koma í veg fyrir niðursveiflur í fiskgengd og stuðla að aukinni meðalveiði.

Ofangreint ræktunarsamstarf felst í því að klakfiskur er tekinn úr ánni, kreistur í laxeldisstöð og alinn þar. Hluti seiðanna er fluttur í tjörn við Draflastaði síðla hausts eða snemma vetrar og alinn áfram þar. Að vori hefur stór hluti seiðanna verið fluttur í sleppitjarnir á öðrum stöðum við ána þar sem þau hafa verið alin í nokkrar vikur fyrir sleppingu. Hefur það verið gert til að hafa áhrif á hvernig lax sem heimtist úr sleppingum dreifist um ána. Hluti seiðanna hefur einnig verið alinn áfram í laxeldisstöð til vors og þeim sleppt í aðrar sleppitjarnir við ána snemma sumars þar sem seiðin ljúka göngubúningsmyndun áður en þau halda til sjávar. Með þessum aðgerðum hefur laxveiði aukist undanfarin ár. Í greinargerð Tuma Tómassonar um laxveiði í Fnjóská árið 2011 kemur fram að í heild megi rekja 42% laxveiði til seiðasleppinga. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að veiði árin á undan og seiðabúskapur bendi eindregið til þess að staða laxastofns árinna hafi verið að styrkjast.

Leigutaki Fnjóskár ber allan kostnað við öflun klaklaxa, rafveiðar og ráðgjöf sérfræðinga og tekur auk þess þátt í dreifingu seiða og vinnu við sleppitjarnir. Veiðifélagið ber kostnað við gerð og viðhald sleppitjarna og sér um rekstur þeirra. Aðilar skipta með sér kostnaði af eldi seiða í laxeldisstöð.

Á veiðisvæði Fnjóskár er leyft að veiða samtímis með 8 stöngum á laxasvæðum og 2-4 stöngum á silungasvæðum. Skipting árinna í veiðisvæði er í höndum leigutaka.

Í apríl 2009 gerði veiðifélagið leigusamning um stangveiðiréttindi í Bakkaá árin 2009 til 2012 og rétt til veiði í Timburvalladalsá og Hjaltadalsá. Leigugjald er 100 þúsund krónur ár hvert, ásamt hækkunum samkvæmt vísitölu neysluverðs m.v. grunnvísitölu í nóvember 2008.

Í maí 2008 gerði veiðifélagið leigusamning um stangveiðiréttindi í Fnjóská á Bleiksmýrardal árin 2008 til 2011. Leigugjald var ákveðið 200 þúsund krónur ár hvert, ásamt hækkunum samkvæmt vísitölu neysluverðs m.v. grunnvísitölu í nóvember 2007.

Samkvæmt ársreikningum Veiðifélags Fnjóskár 2008 til 2010 voru tekjur af leigu 9.783.018 krónur á árinu 2008 en arðgreiðslur 5.005.000 krónur, á árinu 2009 voru leigutekjur

10.824.000 krónur en arðgreiðslur 5.005.000 krónur og á árinu 2010 voru leigutekjur 11.769.808 krónur en arðgreiðslur 5.505.475 krónur.

7. Sjónarmið eigenda veiðiréttar

Í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrá veiðifélaga var öllum eigendum veiðiréttar í Veiðifélagi Fnjóskár, með bréfi, dags. 7. nóvember 2011, gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Engar greinargerðir bárust matsnefnd.

8. Skipting arðs

8.1 Almenn

Í 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er lögð á herðar veiðifélaga skylda til að gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hvernar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 2. mgr. 41. gr. laganna segir: „Við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.“ Þá segir í 4. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga að við niðurjöfnun á veiði eða úthlutun arðs skuli taka tillit til eftirfarandi meginþátta: a. landlengdar að veiðivatni, b. flatarmáls og gerðar vatnsbotns, c. veiðitalna í stangveiði, d. aðstöðu til stangveiði, m.a. m.t.t. breyttra veiðiaðferða, agns o.fl., e. réttinda til netaveiða, m.a. m.t.t. sögulegrar veiði, f. vatnsmagns og g. hrygningar- og uppeldisskilyrða. Loks er í 5. gr. reglugerðarinnar getið annarra þátta sem varða aðstæður og ýmsar fiskræktar- og umhverfisframkvæmdir við ár sem líta skuli til við mat á arði.

Samkvæmt 11. gr. samþykktar fyrir veiðifélagið skal arði af sameiginlegri veiði skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Gildandi arðskrá, sem óskað hefur verið endurmats á, er frá 26. maí 1986. Í arðskrármati nú er hafður á sá háttur að 10.000 einingar komi til skipta. Í köflum 8.2, 8.3 og 8.4 hér á eftir er greint frá niðurstöðu matsnefndar um það hvernig einingum er skipt milli einstakra þátta sem tilteknir eru í 41. gr. laga um lax- og silungsveiði og 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga. Fjöldi þeirra eininga er koma í hlut hvers veiðiréttareiganda er tilgreindur með heilli tölu.

Í skýrslu um landlengdarmælingar er sérgreind mæling fyrir svonefnt Tungunesland. Fyrir liggur að arður fyrir þetta svæði hefur í um áratug verið greiddur til eiganda Tunguness. Í samræmi við það og ósk veiðifélagsins þar um er þetta landsvæði sérmetið í arðskrá.

8.2 Aðstaða til stangveiði

Fyrir liggja skýrslur um skiptingu veiði á veiðistöðum 1-80 í Fnjóská, þar með talið í Bakkaá og Fnjóská á Bleiksmýrardal, annars vegar vegna laxveiði fyrir árin 1987 til 2011 og hins vegar silungsveiði fyrir árin 2001 og 2003 til 2011.

Af gögnum verður ráðið að mörk laxveiðisvæðis árinna hafa verið að færast ofar hin síðari ár, m.a. með nýjum sleppitjörnum og auknum seiðasleppingum þar. Þannig varð sú breyting gerð árið 2004 að byrjað var að selja svæði 4 í ánni sem laxveiðisvæði, en það hafði fram að því verið selt með silungasvæðinu. Með hliðsjón af framangreindri þróun og breytingum, og þegar einnig eru höfð í huga þau miklu áhrif sem seiðasleppingar hafa haft á laxveiði í ánni, er það niðurstaða matsnefndar að miða beri skiptingu arðs vegna laxveiði eingöngu við veiði á tímabilinu 2004 til 2011, skipt eftir einstökum veiðistöðum. Hins vegar verður við úthlutun eininga vegna silungsveiði byggt á veiðitölum fyrir tímabilið 2003 til 2011.

Niðurstaða matsnefndar er sú að hæfilegt sé að skipta 3.500 einingum milli veiðiréttar-eigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í laxveiði og 250 einingum í samræmi við hlutdeild þeirra í silungsveiði.

8.3 Landlengd

Við mat á vægi landlengdar er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar og matsgerðir yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga. Að baki því liggur sú hugsun að úthlutun eininga fyrir landlengd sé endurgjald fyrir það vatnasvæði sem markar lífsrými lax og silungs. Hefur mikið vatnsmagn á neðri hluta vatnasvæðis óhjákvæmilega mikið gildi að þessu leyti, jafnframt því sem gildi lækja og efstu draga veiðiár er að sama skapi almennt lítið í þessu tilliti og stundum ekkert. Þá er hvað þetta varðar einnig horft til verðmætasköpunar einstakra svæða.

Að virtum framangreindum sjónarmiðum er vægi bakka á vatnasvæði Fnjóskár ákvarðað með eftirgreindum hætti: Bakkar frá ósi í sjó að mörkum veiðisvæðis 3 og 4 fá vægið 1, bakkar á veiðisvæði 4 fá vægið 0,75, bakkar á svæði 5 fá vægið 0,35, bakkar Fnjóskár á Bleiksmýrardal og Bakkaár fá vægið 0,08 og bakkar Þingmannalækjar fá vægið 0,015.

Eins og rakið var í kafla 2 var landlengd jarða við Fnjóská, Bakkaá og Fnjóská á Bleiksmýrardal mæld á árinu 2003. Kemur fram í gögnum að mæld hafi verið miðlína meginstraums. Þar sem engar athugasemdir hafa komið fram við framangreinda skrá um landlengd jarða verða þær tölur sem hún hefur að geyma lagðar til grundvallar eins og þær liggja fyrir.

Niðurstaða matsnefndar er sú að hæfilegt sé að skipta 4.980 einingum milli veiðiréttar-eigenda í samræmi við landlengd.

8.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði

Við mat á hrygningar- og uppeldisskilyrðum hefur matsnefnd almennt stuðst við sérfræðilegt mat á búsvæðum lax og silungs, svokallað búsvæðamat, sé því til að dreifa. Slíkt mat hefur hins vegar ekki verið unnið fyrir Fnjóská, en fyrir liggja skýrslur Veiðimálastofnunar og Tuma Tómassonar fiskifræðings um rannsóknir á seiðabúskap og fiskistofnum, sem matsnefnd lítur til, og er þeirra getið í yfirliti aftast í úrskurðinum. Sú

nýjasta af þessum skýrslum er skýrsla Tuma Tómassonar frá því í apríl 2012, þar sem meðal annars er gerð grein fyrir mælingum á seiðabéttleika laxaseiða á tilgreindum veiðistöðvum.

Með hliðsjón af framangreindri vöntun á búsvæðamati er það niðurstaða matsnefndar að skipta einingum vegna uppeldis- og hrygningarskilyrða niður á jarðir í samræmi við mælda landlengd þeirra. Að virtum þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað sér um gerð einstakra svæða ákvarðast vægi landlengdarinnar þannig: Fyrstu 4,6 km frá ósi í sjó fá vægið 0,4, svæðið þaðan að mörkum veiðisvæða 4 og 5 fær vægið 1, svæði 5 fær vægið 0,2, Fnjóská á Bleiksmýrardal fær vægið 0,03, Bakkaá fær vægið 0,07 en Þingmannalækur fær ekkert vægi.

Niðurstaða matsmanna er að hæfilegt sé að skipta 1.270 einingum milli veiðiréttareigenda vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða.

9. Kostnaður, gildistaka o.fl.

Allur kostnaður af mati þessu, 2.342.445 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Fnjóskár og rennur hann í ríkissjóð.

Um gildistöku arðskrár þessarar fer samkvæmt ákv. 5. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og tekur hún því gildi daginn eftir birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Úrskurðarorð:

Arðskrá fyrir Veiðifélag Fnjóskár skal vera sem hér greinir:

Jarðir	Einingar:
Nes í Höfðahverfi	152
Grundarbæir (Grund og Syðri Grund)	38
Ártún	30
Borgargerði	61
Miðgerði	34
Pálsgerði	117
Litlagerði	539
Skarð	452
Þverá	250
Garður	67
Ytri-Hóll	86
Syðri-Hóll	76
Böðvarsnes	467
Végeirsstaðir	169
Veisa	274
Hallgilsstaðir	621
Tungunesland	125
Háls	406
Vaglir	192
Mörk	58
Lundur	340
Þórðarstaðir	166
Belgsá	62
Bakkasel	44
Laufás	1250
Skuggabjörg	568
Melar	315
Hjarðarholt	217
Draflastaðir	207
Grímsgerði	81
Dæli	195
Vatnsleysa	283
Víðivellir	146
Víðifell	77
Hrísgerði	182
Tungunes	72
Nes	173
Skógar	174
Hróarstaðir	190
Veturliðastaðir	198
Steinkirkja	178
Brúnagerði	36
Fjósátunga	70
Kotungsstaðir	20
Illugastaðir	83

Selland	79
Reykir	68
Bleiksmýrardalur (vestan ár)	67
Bleiksmýrardalur (austan ár)	148
Bakki	26
Sörlastaðir	13
Hjaltadalur, Snæbjarnastaðir, Tunga	47
Birningsstaðir	1
Sólvangur	4
Fornhólar	4
Sigríðarstaðir	2

Samtals 10.000

Reykjavík 4. september 2012

Hulda Rós Rúriksdóttir formaður
sign.

Ásgeir Magnússon
sign.

Magnús Ólafsson
sign.

Gögn til afnota við matsgerð

A. Gögn um veiði

1. Samantekt veiðifélags um laxveiði í Fnjóská, veiðistaðir 1-80, Bakkaá og Bleiksmýrardal 1987-2011.
2. Samantekt veiðifélags um silungsveiði í Fnjóská, veiðistaðir 1-80, Bakkaá og Bleiksmýrardal 2001 og 2003-2011.

B. Gögn um land og búsvæði

1. Skýrsla Tuma Tómassonar 2010 um laxrækt, laxveiði og seiðabúskap í Fnjóská sumarið 2009.
2. Skýrsla Tuma Tómassonar 2011 um laxrækt, laxveiði og seiðabúskap í Fnjóská sumarið 2010.
3. Skýrsla Tuma Tómassonar 2012 um laxrækt, laxveiði og seiðabúskap í Fnjóská sumarið 2011.
4. Skýrsla Veiðimálastofnunar um rannsóknir á seiðastofnum Fnjóskár 2003, VMST-N/0311, unnin af Bjarna Jónssyni og Eik Elfarsdóttur.
5. Bakkalengdarmæling á veiðisvæði Veiðifélags Fnjóskár, gerð af Guðmundi H. Gunnarssyni 2003.
6. Loftmyndir af Fnjóská frá ósum til og með landamerkjum Reykja í Bleiksmýrardal.

C. Bréf, fundargerðir, samþykktir o. fl.

1. Bréf stjórnar Veiðifélags Fnjóskár, dags. 20. september 2010. Beiðni um arðskrá.
2. Bréf matsnefndar til Veiðifélags Fnjóskár, dags. 6. september 2011. Beiðni um gögn.
3. Bréf matsnefndar til Veiðifélags Fnjóskár, dags. 6. september 2011. Beiðni um boðun fundar.
4. Bréf matsnefndar til veiðirettareigenda í Veiðifélagi Fnjóskár, dags. 10. október 2011. Frestur vegna greinargerða.
5. Samþykkt fyrir Veiðifélag Fnjóskár nr. 448/2010.
6. Leigusamningur um veiðirett í Fnjóská á Bleiksmýrardal, gerður í maí 2008.
7. Leigusamningur um veiðirett í Bakkaá, gerður í apríl 2009.
8. Leigusamningur um veiðirett í Fnjóská, gerður í nóvember 2007.
9. Ársreikningur Veiðifélags Fnjóskár 2008, 2009 og 2010.
10. Arðskrá Veiðifélags Fnjóskár frá 26. maí 1986.